




Pétur Knútsson  
Hugvísindafing hið fyrra 2011

## Að hlusta á fjöll: samskynjun sem lausn í túlkunarfræði (*Listening to mountains: synaesthesia as a practical hermeneutic*)

Hugmynd mín var að leggja út af efni greinar minnar sem ég vonaðist til að yrði nú komið út í Árbók Stofnunar Vigdísar, og reyna að þróa áfram þær hugmyndir sem koma fram í greininni. En Árbókin er ókomin enn, svo allir hafa góða afsökun fyrir að hafa ekki lesið hana. Í þessu erindi við ég stíga næsta skref í þessum þælingum, en til þess verð ég að byrja með því að gera stuttlega grein fyri ýmsu í greininni ólesnu.

Á Endurreisnartímabilinu fundu myndlistarmenn fyrst upp dýptarsýn með fjarviddarteikningu á myndfletinum.  Það er eiginlega stórfurðulegt að fjarviddarteikning hefði ekki verið fundin upp fyrr, því Grikkir skildu rúmfræði og flatarteikningu afar vel, og meginreglur fjarviddarteikningar eru afar einfaldar og auðlærðar.<sup>1</sup> Charles Lock, prófessor í ensku við Kaupm hefur ritað um þetta og leggur til að hinn vestræni hugarheimur hefði einfaldlega ekki haft not fyrir eðlisfræðilega rýmishugtakið fyrir en á endurreisnartímabilinu – ýmsir segðu að mannkynið hefði ekki *skapað rýmið* fyrir þann tíma.<sup>2</sup> Þar áður var ekki til nema andlega og etv félagslega rýmið þar sem merkilegar byggingar voru stórar en ómerkilegar litlar,  og í þeim bjuggu stórir dýrlingar og litill almenningur.<sup>3</sup>


Á seinni tímum hafa kortagerðarmenn lært að nota liti og skugga til að birta okkur hæðir og dýptir landslagsins á tvívíðum fleti pappírsins .<sup>4</sup> Í greininni legg ég til að þessari þrívíddarvörpun á tvívíðan flöt megi líkja við ritun textans á flötu yfirborði blaðsíðunnar: þar eru einnig miklar hæðir og dýptir, en textavörpunin gerir það að verkum að rýmið sé allt sýnilegt á yfirborðinu.<sup>5</sup>

Þetta síðasta vilja hin ráðandi málvísindi nútímans ekki samþykkja. Þar er að vísu gengið út frá því að í textanum séu undirliggjandi lög svokallaðra „baklægra“ þátta, eða „djupþátta“ eins og þeir hétu áður fyrr á ensku, en það er fjarri því að þeir sjáist á yfirborðinu. T.d. er mikið gert útr því að ef við berum saman tvær setningar á ensku og á öðrum tungumálum, sést að það fari eftir tungumáli hvort tiltekinn þáttur birtist á yfirborðinu eða ekki:



Hún<sub>1</sub> þvær sér<sub>1</sub> um hendur – hún<sub>1</sub> þvær henni<sub>2</sub> um hendur  
She<sub>1</sub> is washing her<sub>1</sub> hands – she<sub>1</sub> is washing her<sub>2</sub> hands


Sem sagt, litið er svo á að hinir undirliggjandi málfræðilegu þættir birtast ekki alltaf í ytri formgerð tungumálsins; tilvist þeirra er aðeins hægt að komast að með málvísindalegri greiningu.

Í grein minni hafna ég þessari framsetningu, því ég tel að hinir svokölluðu „undirliggjandi“ þættir eigi sér sýnilega (eða heyrilega) ytri formgerð í töluðu máli, aðallega með þrennu móti. 

- Í fyrsta lagi eiga þeir sér tilvist í tónfalli og áherslumynstri;
- í öðru lagi í svipbrigðum, handahreyfingum og líkamsstöðu þess sem talar.

- Í þriðja lagi er setning ekki sögð í tómarúmi, heldur er hún ávallt hluti orðræðu sem tengir hana við efnið og veitir henni merkingu.


Þessir þættir eru allir greinilegir og jafnvel áberandi í töluðu máli. Ritað mál endurspeglar hins vegar ekki nema með mjög takmörkuðum hætti fjölmarga málfræðilega þætti sem lúta að skipulagi orðræðunnar og tengsl hennar við hið mikla merkingarsvið hugarheimsins. Þessa þætti endursköpum við að heita má ómeðvitað þegar við lesum. Nú hefur það verið ráðandi stefna í málvísindum frá því um miðbik síðusta aldar,<sup>6</sup> að einblína á ritaða málið, og telja þau form sem þar koma fram vera hin eiginlegu form tungumálsins. Ég tel frekar að þegar málfræðilegur þáttur virðist ekki eiga sér sýnilegan fulltrúa í ritaðri setningu, sé það eingöngu vegna takmarkana ritháttarins, en ekki einkenni tungumálsins sem slíks.

Reyndar er hægt að greina í þróunarsögu ritunar frá fornu fari ýmsar tilraunir til að bæta úr þessum takmörkunum.  T.d. eru sérhljóðar almennt ekki skráðir fyrr en með tilkomu stafrófs Grikkja, og mætti þá segja að þeir hafi verið „undirliggjandi“ þættir í rituðu mál þangað til. Notkun stafabils milli orða er seinna til komin, og þá fyrst varð til hugtakið


„orð“ eins og við skiljum það.<sup>7</sup> Þróun kommusetningar og notkun mismunandi leturtegunda hafa einnig smám saman stuðlað að fullkomnari ritun. Þessi þróun er á margan hátt hliðstæð þeirri þróun sem hefur átt sér stað í myndlistinni: með fjarviddarteikningu hefur myndflöturinn öðlast sýnilega dýpt, á sama hátt og með nákvæmari ritun hafi ymsir svokallaðir „undirliggjandi“ þættir textans orðið sýnilegri.

En nú kemur að meginefni þessa erindis.

Ég ræða í greininni um þær tengingar sem birtast í tungumálinu við ytri veruleika. Hér á ég ekki við orð sem *heiti*, *tákn fyrir fyrirbæri* í ytri veruleikanum, heldur *málfræðilegar bendivísanir* (indexar) varðandi tíma, rúm, hugarrými, og umfram allt hið óþekkta, það sem liggur handan við sjóndeildarhring textans. Hér eru um að ræða aðferðir tungumálsins við að vísa á og fjalla um fyrirbæri sem liggja í eðli sínu handan sjóndeildarhrings á hverjum tíma, eða sem eiga sér stað í rými sem tungumálið hefur ekki enn fengið að höndla.

Þetta er reyndar stef sem heillar mig og ég hef ritað um áður: hvernig sé hægt að koma orðum að því sem liggur ennþá utan orða? Nú er ég ekki að tala um eitthvað dulrænt, um óræða hluti, því þetta ferli, að koma orðum að hlutum sem hafa ekki öðlast umfjöllun áður, er daglegur galdur í tungumálinu. Talsverður hluti allra setninga sem við mælum fram á hverjum degi eru nýjar setningar sem hafa ekki verið sagðar áður í mannkynssögunni. Hans-Georg Gadamer er meðal þeirra höfunda sem halda því í stíft fram að öll mannleg hugsun eigi sér stað inann tungumálsins, og á við að þótt fyrirbæri liggi utan tungumála áður en þau verða á vegi manns, tökum *eða tölum* við þau inn í tungumálið um leið og við fjöllum um þau. Við stígum aldrei út fyrir sjóndeild textans, því við tökum ávallt textann með okkur. Tungumál flæðir frjálst um óþekkt svæði, nefnir og nemur þar land.  Orðin *Terra incognita* á gömlum landakortum er sjálft heiti sem tungumálið hefur þegar innlimað.

Í greininni spyr ég hvort hægt sé að finna þætti í textanum sem vísa til þess óþekkta bak við fjöllinn sjó án þess að kortleggja það á neinn hátt, án þess að hleypa því inn í tunumálið eða hleypa tungumálinu þangað. Getur textinn vísað til einhvers sem hann þó orðar ekki?<sup>8</sup>


Hugmyndir Gadamer um *samslátt sjóndeildarhringa* („fusion of horizons“) er í eðli sínu eitt slíkt fyrirbæri.<sup>9</sup>  Gadamer er hér að vísu að tala um sagnfræðilega

sjóndeildarhringi,<sup>10</sup> sem sagt um afmarkaða tegund af textum, en mér finnst umfjöllun hans hafa mun víðari skírskotun. Það eitt að nefna sjóndeildina er að kalla fram óþekkt svæði sem liggur handan hennar. Gadamer vísar til sjóndeildarhringa annar, sem muni væntanlega víkka út manns eigin; en hann vísar með þessu tilframtíðarinnar, því þessi samsláttur og útvíkkun á eftir að eiga sér stað. Þetta er vissulega dæmi um texta sem fjallar um efni sem er (enn sem komið er) óþekkt, utan okkar reynsluheims, utantexta.<sup>11 12</sup>


Nú ætla ég að skipta um gír og reyna að nálgast þessar hugmyndir úr annarri átt. Við höfum séð að fjarvíddarteikning, eins og tvívíði textinn á blaðsíðunni, sé til komin þegar varpa skal margvíðu efni á tvívíðan flöt.<sup>13</sup> Áhorfandi skynjar fjarlægð í teikingunni, lesandi skynjar margvídd tungumálsins. Í báðum tilfellum gerist eðlisbreyting í sjálfri skynjun þátttakenda. Bæði í lestri, og í túlkun myndflatarins, reiðum við okkur að stórum hluta á samskynjun, synaesthesíu.

Sam- eða víxlskynjun er það að skynja með vitlausum skynfærum, að heyra ljós, finna lykt af litum, að sjá tónlist. Það er reyndar frekar vandmeðfarið hugtak, og mætti vel spyrja hvort það eigi rétt á sér yfirhöfuð. Hugform eru ekki í sjálfu sér háð tilteknum skynfærum, þótt ýmis skynfæri kunni að koma þar við sögu. Það liggur því í augum uppi að tungumál sem miðill fyrir hugform sé í eðli sínu víxlskynjað. Við horfum á (þ.e. við lesum) eða heyrum í gegnum tungumál hugmyndir sem eru ekki nauðsynlega sjálfar sjónræns eða hljómræns eðlis. Það ferli að umbreyta táknað í hljóð, og í annan stað að umbreyta hljóði í hugform, eru bæði dæmi um samskynjun. Tungumál er því í eðli sínu samskynjað, synaesthetískt.

(Áki<sup>14</sup>)(Hulda<sup>15</sup>)

Víkjum nú að hugtakinu „texti“. Fyrst skulum við rifja upp að eftirformgerðastefnumenn – póststrúktúralistar –vildu víkka textahugtakið út þannig að það næði yfir allt – það var ekkert *utantexta* (*il n'y a pas d'hors-texte*). Þessi skilningur, sem kemur einna fyrst fram með  Roland Barthes, gerir ráð fyrir altumfaðmandi altexta, *le texte infini*, sem við brjótumst ekki út úr: rökin er hér hringlaga, því að sjálfsögðu er ekkert utan þess sem er alltumfaðmandi.<sup>16</sup> Derrida talar opinskátt um strategíska ávinninginn af að víkka textahugtakið út í það óendanlega,<sup>17</sup> en hætt er við að með þessu móti væri hægt að sanna hvað sem væri. En það ætla ég ekki að gera, heldur freista þess að víkka hóflega út textahugtakið, með það fyrir augum að glata ekki tengslum við raunveruleikann. Ég vonast til að með þessu móti verði hægt að varpa ljósi á hugtakið **samskynjun** í túlkun tungumáls og texta.<sup>18</sup>

Í meira en 30 ár hefur kennslan mín í háskólaum verið aðallega á sviði enskrar hljóðfræði, málssögu, mállýskufraði, og nú á síðari árum hljómfalls og setningaráherslu. Hins vegar hafa birtar rannsóknir mínar fjallað helst um eðli textans og túlkunarfræðileg atriði í textafræði miðalda. Undanfarið hef ég skipt mér helst af vandamálum varðandi sjóndeild textans, eins og núna, en það var ekki fyrir en nú í haust, í námskeið í tilraunahljóðfræði, að ég gerði mér grein fyrir samhenginu milli rannsóknaráherslna minna og hljóðfræðikennslu. Ég ætla að ljúka þessu erindi með því að gera stuttleg grein fyrir þessu samhengi.

Í námskeiðinu í haust skoðuðu nemendur hljóðeðlisfræði tungumála, þ.e. bylguhreyfingar í lofti.<sup>19</sup> Hér eru t.d. myndir í hljóðfræðiforriti seim sýna örlitlar loftþrýstingsbreytingar í broti ú sekúndu við ýmis hljóð: 

En síðasta myndin sýnir lofvogsbreytingar um nokkura vikna skeið í Stykkishólmi 2009. Hugmyndin var að þjálfra nemendur í að meðhöndla mismundandi tölfræðileg gögn, og okkur tókst að fá torkennilegt en afar veðurfarslegt hljóð út úr þessum mælingum. En óregluleg bylguform fyrirfinnast víðar en í veðurhljóðum og bráðum fórum við að reyna að fá sjálf fjöllinn á Snæfellsnesi til að hljóma.



Þetta byrjaði sem sagt sem skemmtilegur útdúringur úr meginefni námskeiðsins, en eftir á að hyggja var það e.t.v. það merkilegasta sem kom útúr námskeiðinu. Við erum enn og aftur að fást við lestur úr skráðum gögnum, en gögn má skrá og geyma og miðla í lestri á ýmsa vegu:

sem rituð tákni, sem myndefni, sem hljóð. Gögnin eiga sína tilvist í þessum miðlum, en alltaf verður færsla milli mismunandi skynjunleiða. Lestur er ávallt samskynjun.

Nú er það eðli hljóðbylgja (og flest annarra bylgjuhreyfinga sem við finnum í náttúrunni), að sama hve flóknar þær virðast vera er ávallt hægt að greina þær niður í safn eða mengi mun einfaldari bylgja, stærðfræðitæknin heitir Fourier greining. Samsett bylgjuform er ávallt svið margra annarra bylgjuforma. Í doktorsritgerð minni 2004 lagði ég drög að greiningu textaþýðinga sem samsláttar tveggja eða fleiri sviða (fields) sem mynda saman nýtt og flóknara svið,<sup>20</sup> en frumsviðin eru ávallt sýnileg og til staðar í heildarmynstrinu. Ég minni á þá staðhæfingu áðan að flatur texti, ritaður á blaðsíðu, geymir á yfirborðinu alla þá þætti sem ljá honum form og merkingu.<sup>21 22</sup>

Nú hef ég teygt hressilega úr textahugtakinu eins og Derrida leggur til, svo það nái einnig utan um hljóðfræðitilraunir nemenda minna. Þessar tilraunir eru einnig textar að því leitinu til að þeir miðla upplýsingum á sama hátt og ritaðir textar gera, en það mætti vel fúlfa við þessari skilgreiningu þar sem hljóðeðlisfræðileg gögn eru ekki ritöð á mannlegu tungumáli, heldur eru þau í stærðfræðilegu formi. Gott og vel, ég er tilbúinn til að bakka ögn, og gangast undir þau skilyrði að aðeins tungumálalegir textar geti átt heima í okkar altexta. En hvað með þennan texta sem ég er að lesa fyrir ykkur núna? Hann er vissulega tungumálalegur texti; en samt hef ég þrætt ýmsar leiðir í þessu erindi sem hafa legið alla leið til fjalla, og komið hættulega nálægt því að hverfa með öllu út úr kortinu, og þar með út úr textanum.

1957 words

---

<sup>1</sup> Það er undarlegra í ljósi þess að þívíddarlist gríkkja, t.d. skúlptúr mannlíkamans, virðist okkur í dag einkar realistísk.

<sup>2</sup> ennig kemur mín tillaga um synaesthesíu til sjalanna??

<sup>3</sup> og baksviðs birtust stórir biskupar og litlir hermenn. Himinhvolfið var ekki rými eða geimur í okkar skilningi, heldur andlegt svið þar sem aðrar meginreglur ríktu en hér á jörðu.

<sup>4</sup> Á flata stafræna tölvuskjánum getum við flogið um djúpa dali og fjallaskörð.

<sup>5</sup> Spurning: ég sé ekki að dýpt í þívíddarteinkingu og dýpt í málvísindum séu sambærileg hugtök, þannig að hægt sé að bera þau saman.

Svar: ég geri fastlega ráð fyrir því að hægt sé að nálgast það sem ég fjalla frá sjónarhorni sem klárlega ógildi það sem ég segi. Ég tel það reyndar mjög eðlilegt. Spurningin er frekar sú hvort þessi nálgun mín geti varpað einhverju ljósi á hlutina. Ég útiloka ekki aðrar nálganir.

<sup>6</sup> lauslega kennd við Noam Chomsky,

<sup>7</sup> Þetta sést glögggt í því að gríska orðið *logos* merkti upprunalega ‚rökræða‘; merkingin ‚einstakt orð‘ er seinna til komið.

<sup>8</sup> Strategies for stepping out of the text: can they work? The textual aspect of the extratextual.

Gadamer's fusion of horizons gestures towards the extratextual – this desirable vision – this intuitively satisfying vision, which would solve many problems – flashes of acceptance. Within this sphere, synaesthesia is a textual / texted movement.

---

<sup>9</sup> Hans-Georg Gadamer, *Truth and Method*, trans. Joel Weinsheimer and Donald G. Marshall, London and New York: Continuum, 2004, 304–306.

We have shown that this is a process of foregrounding (abheben). Let us consider what this idea of foregrounding involves. It is always reciprocal. Whatever is being foregrounded must be foregrounded from somewhere else, which, in turn, must be foregrounded from it. Thus all foregrounding also makes visible that from which something is foregrounded. We have described this above as the way prejudices are brought into play. We started by saying that a hermeneutical situation is determined by the prejudices that we bring with us. They constitute, then, the [305] horizon of a particular present, for they represent that beyond which it is impossible to see. But now it is important to avoid the error of thinking that the horizon of the present consists of a fixed set of opinions and valuations, and that the otherness of the past can be foregrounded from it as from a fixed ground. In fact the horizon of the present is continually in the process of being formed because we are continually having to test all our prejudices. An important part of this testing occurs in encountering the past and in understanding the tradition from which we come. Hence the horizon of the present cannot be formed without the past. There is no more an isolated horizon of the present than there are historical horizons which have to be acquired. *Rather, understanding is always the fusion of these horizons supposedly existing by themselves* [original italics], We are familiar with the power of this kind of fusion chiefly from earlier times and their naivete [sic] about themselves and their heritage. In a tradition this process of fusion is continually going on, for there old and new are always combining into something of living value, without either being explicitly foregrounded from the other.

If, however, there is no such thing as these distinct horizons, why do we speak of the fusion of horizons and not simply of the formation of the one horizon, whose bounds are set at the depths of tradition? To ask the question means that we are recognising that understanding becomes a scholarly task only under special circumstances and that it is necessary to work out these circumstances as a hermeneutical situation. Every encounter with tradition that takes place within historical consciousness involves the experience of a tension between the text and the present. The hermeneutic task consists in not covering up this tension by attempting a naive assimilation of the two but in consciously bringing it out. This is why it is part of the hermeneutic approach to project a historical horizon that is different from the horizon of the present. Historical consciousness is aware of its own otherness and hence foregrounds the horizon of the past from its own. On the other hand, it is itself, as we are trying to show, only something superimposed upon continuing tradition, and hence it immediately recombines with what it has foregrounded itself from in order to become one with itself again in the unity of the historical horizon that it thus acquires.

<sup>10</sup> sem bæði flækja okkar skilning á liðnum veruleika um leið og þeir veita okkur eina innsýnið sem við höfum Nei, ég er ekki klár á því að ég skilji hann. En ef ég væri klár á því, væri það óyggjandi vísbending um það að ég skildi hann ekki.

<sup>11</sup> Ég geng því út frá því að sá vandasami ásetningur að stíga út úr textanum sé túlkunarfræðilegs eðlis (hermeneutískt) í skilningi Gadamer – ég réttlæti þessa nálgun með því að minna á að Gadamer setur fram sína setningu um universality of language alhæfi tungumáls sem túlkunarfræðilegt atriði, og því ætti það að hafna slíka framsetningu einnig að falla innan túlkunarfræðinnar. Það má benda á Gadamer talar á einum stað (í „Scope“) um það að Habermas gagnrýni hugmyndina um universality of language sem „idealist“, en Gadamer fjallar samt sem áður um afstöðu Habermas sem hermeneutíska afstöðu. –*the problematic of stepping out of the text is a hermeneutical one. This is not of course a foregone conclusion, and I'm going to have to gloss it over here, giving only the provisional explanation that Gadamer's insistence on the universality of language is set forth as a hermeneutical standpoint, and so a refutation of the viewpoint might also be hermeneutical, and would be better if it were: but it might be that movements into an extratextual domain can only be made outside of hermeneutics, as they can only be made outside of language; but then Gadamer would deny that they are possible.*

Gagnrýni Habermas á hið idealistíska í hugmyndina um alhæfi tungumáls ber að sama brunni: Habermas sjálfur, og Gadamer í umfjöllun sinni um gagnrýnina, og lesendur þeirra, hafa þegar innlimað í sínum eigin texta allt sem báðir segja um þessi meintu svæði utantexta.

<sup>12</sup> I shall keep within the textual context. (Introduce the musical and graphic pole briefly and say I shall not be discussing it in this paper.) (This may be in the discussion of Habermas's introduction of the social aspect (which I know only through Gadamer's reply): take the audio on wishing to understand Gadamer as I drove into Stykk)

<sup>13</sup> Reyndar í tilfelli textans einvíddan.

<sup>14</sup> Áki Ásgeirsson, 290° (frumflutt af Áka, Tinnu Þorsteinsdóttur og Unu Sveinbjarnardóttur á Myrkum músíkdögum í Hafnarborg 29 January 2010) is a non-textual synaesthesia of sound and graphics: the music *unlanguages* the graphics, which would otherwise be *language*.

Tónverkið 295° eftir Áka Ásgeirsson var frumflutt á Myrkum músíkdögum í Hafnarborg 29. janúar nú í vor. Flytjendur vor Áki við tölvuna, Tinna Þorsteinsdóttir á piano, og Una Sveinbjarnardóttir á fiðlu. Í verkinu höfðu hljóð og tölvugrafík víxlverkandi áhrif í rauntíma sín á milli. En verkið var *utantexta* í þeim skilningi að

---

upplifun áheyrans og áhorfandans var ekki tungumálalegs eðlis, þótt ég fjalli um bæði hér innantexta – mín orð hér er enn dæmi um það hvernig textinn yfirtekur, nemur land og orðar hið orðlausa.<sup>14</sup> En í þessari upplifun í Hafnarborg var það tónlistin sem ræddi um grafíkina, og grafíkin sem ræddu um tónlistina; tungumálið var ekki til staðar. Listin sigraði textann.

Hér er því dæmi um samskynjun sem ber tungumál ofurliði, sem þaggar niður í þann texta sem ég er hérna að myndast við að lesa upphátt fyrir ykkur.

Í öðru verki á þessum sömu tónleikum, *Skemmtilegt lag* eftir Guðmund Stein Gunnarsson, var mannröddin rænd tungumáli af tónlistinni, þar sem sömu tónlistarkonurnar söngluðu án orða á meðan þær léku.

In Guðmundur Steinn Gunnarsson's *Skemmtilegt lag*, performed by Tinna and Una at the same concert, the human voice is *unlanguaged* by the music (they both vocalised as they played)

<sup>15</sup> Hulda Þórisdóttir's case for "motivated reasoning" as a factor in the Icelandic collapse (vol. 8 of the *Parliamentary Report on the Collapse of the Icelandic Bank 2008 and Related Events*) presents problems for Gadamer's "idealism of the universality of language". I shall suggest that Gadamer's fusion of horizons presupposes their pre-eventual breaching (cf. 'Thumbing through the index') and that this is well illustrated in Hulda Þórisdóttir's discussion.

as an introductory illustration of the desirability/inevitability of leaving the text.

Leaving one's body.

Listening to horizons. Bringing horizons into other knows spheres. Herbert's Wings, Sterne's marbled pages, Messi's paperback OCR'd text. (The printed book as a cul de sac.)

<sup>16</sup> talar um „l'impossibilité de vivre hors du texte infini“ (*Le plaisir du texte* 1973:59)

<sup>17</sup> "It is precisely for strategic reasons... that I found it necessary to recast the concept of text by generalizing it almost without any limit that is. That's why there is nothing "beyond the text."" Cited in *An Allegory of Modernity/Postmodernity* 211, [http://www.long-sunday.net/long\\_sunday/2005/08/il\\_ny\\_a\\_pas\\_de\\_.html](http://www.long-sunday.net/long_sunday/2005/08/il_ny_a_pas_de_.html)


<sup>18</sup> For over thirty years now, my teaching has been predominantly in the area of English Phonetics, Dialectology, History of the English Language, and recently increasingly on intonation and prosody. Only rarely have I ventured outside these domains.

In stark contrast to this, my research output has been almost entirely on the machinery of intimately related texts – translations and recensions between closely related languages and dialects – , together with a hermeneutically orientated interest in mediaeval textuality. Since my 2004 doctoral thesis I have been increasingly concerned with the problem of the horizon of the text, but it is not until recently that I have realised how close I have sometimes been to attending to this problem in my classes on phonetics, particularly in the domain of prosody and intonation. This connection is the subject of my present paper

<sup>19</sup> Wave patterns as mathematical entities: light, sound, and interference patterns

<sup>20</sup> Intimations, section 4.5.1 'Implicate interference', 135-137.

<sup>21</sup> Í ljós kemur að ekkert sviðanna sé í eðli sínu upprunalegt, hvert svið er ávallt þegar samsett af öðrum sviðum.

Þó er þetta ekki stígveldi: sviðin er ekki samsett af  undirskipuðum sviðum, heldur er hvert eitt svið jafnráðandi öllum hinum, og þegar að fullu greinanlegt frá öllum hinum; ekkert svið er „falið“ undir eða bak við hin.

<sup>22</sup> Á sama hátt og við lesum „í hljóði“, sem merkir að við afneitum það hljómræna í tungumálinu, getum við einnig hlustað á hljóðið í ritmálinu, hlustað með augunum.